



Hjálparsveitin .. DALBJÖRG

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg • 1. tbl. 13. árg. • Desember 2013



Gleðilegt ár!

Leiðari

Óhætt er að segja að árið sem nú er senn að líða hafi verið viðburðarríkt fyrir félagi í Hjálparsveitinni Dalbjörg. Margt hefur drifið á daga okkar og ég er ótrúlega þakklátur og stoltur af mínu fólki sem hefur staðið sig alveg frábærlega í ár. Starfið hefur verið með hefðbundnu sniði en ég ætla að fara lauslega yfir það sem stendur upp úr starfinu í ár.

Þann 9. mars hélt sveitin upp á 30 ára afmæli sitt með opnu húsi, en sveitin var formlega stofnuð 5. mars 1983. Var þar margt um manninn og gerðu menn sér glaðan dag. Þann 14. mars héldu síðan níu manns frá Dalbjörgu af stað á Tækjamót S.L. ásamt fríðu föruneyti, en við höfðum haft samband við sveitir á svæðinu um að verða samferða og lögðu félagar úr 8 björgunarsveitum af stað í Hvanngil, þangað sem Tækjamótið var haldið. Nú í vor var haldin flugslysaæfing á Akureyrarflugvelli og voru menn almennt sammála um að hún hefði gengið vel. Landsþing S.L., árhátíð og Björgunarleikar var haldið á Akureyri í maí og sendi Dalbjörg auðvitað lið á leikana sem náði þeim frábæra árangri að vera í 4. sæti af 24 liðum. Sumarstarfið gekk sinn vanagang, þrjú félagar fóru í hálandisgæslu á Sprengisandi og vinna við Handverkshátíðina á Hrafnagili fór á fullt í júlí.

En þann 5. ágúst urðum við fyrir því að missa einn af okkar betri mönnum,

Pétur Róbert Tryggvason, í hörmulegu flugslysi. Misstu mörg okkar ekki bara góðan vin og félagi en einnig læriföður. Seinna þann dag boðuðum við til fundar í húsnæði Súlna til að fara yfir atburði dagsins og fara yfir stöðuna en handverkshátíðin var að fara af stað og mikil vinna framundan næstu daga. Þetta var með átakanlegri stundum sem ég hef upplifað er maður tók á móti vinum sínum og félögum hverjum á eftir öðrum í sorg. Ákveðið var að halda áfram með vinnu við Handverkið og félagar voru mjög virkir, enda fundum við styrk í hvort öðru. Er Pétur var jarðsettur vottuðu hátt í 30 félagar Dalbjargar honum virðingu sína með því að standa heiðursvörð í Munkaþveráarkirkjugarði.

Nú á haustmánuðum fór svo vinna við húsnæðismál aftur á fullt skrið en það er búið að vera stefna Dalbjargar síðustu ár að flytja starfseminu nær byggðakjarna sveitarinnar. Eftir mikla vinnu og bollaleggingar varð úr að sveitin festi kaup á gamla Blómaskálanum Vín nú um miðjan október og er vinna við breytingar þar nú í fullum gangi. Landsæfing S.L. var haldin í október og svo var reykskynjarayfirferðin farin í lok október. Nú í nóvember var svo haldin samæfing á svæði 11 og sveitin seldi sitt gamla húsnæði í Steinhólum. Einnig hittust stjórnir Dalbjargar og F4x4 Eyjafjarðardeildar á Rútsstöðum 17.



Haraldur Þór Óskarsson.

nóvember til að færa fjölskyldu Péturs gjöf til minningar um hann.

En fyrir utan allt þetta er mikil vinna búin að eiga sér stað bæði í viðhaldi og breytingum, æfingum og fjáröflunum og einnig hefur verið nokkuð um útköll og aðstoðarbeiðni á árinu. Ég vil skila kveðju til allra sem stutt hafa okkur á árinu, en ekki síst til þess frábæra fólks sem starfar í Dalbjörg. Takk fyrir að vera til staðar er á reyndi.

Það var mér mikill heiður að hafa fengið að kynnast Pétri Róbert og fá að starfa með honum í öll þessi ár og vil ég enda þetta á þessum orðum: Þegar einhver sem þú elskar verður að minningu, verður minningin að fjársjóði.

Félögum mínum og landsmönnum öllum óska ég gleðilegs nýs árs, með þökk fyrir það gamla.

Haraldur Þór Óskarsson
formaður Dalbjargar

Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt nýtt ár



Óðinsnes 2
Sími 460 4800



Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt nýtt ár

Deloitte.

Bestu óskir um *gledileg jól* og farsælt nýtt ár



Óseyri 2 • 603 Akureyri
Sími 462 5700 • Fax 462 5701



*Við óskum sjálfbodaliðum í Hjálparveitinni
Dalbjörg, öðrum björgunarsveitum og
landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og þökkum
ánægjuleg samskipti á árinu.*

PACTA
L Ö G M E N N

Ólafur Rúnar Ólafsson hrl.
Ásgeir Örn Blöndal Jóhannesson hdl.
Gunnar Sólnes hrl.
Sunna Axelsdóttir lögfræðingur.

PACTA Lögmenn · Hafnarstræti 91-95 · 600 Akureyri · Sími: 440 7900 · Fax: 440 7901



*Bústólpi framleiðir fóður fyrir nautgripi, sauðfé, svín, hross, varp- og alifugla.
Auk þess býður Bústólpi til sölu úrval af áburði, sáðvöru og öðrum vörum
tengdum fóðrun og jarðrækt.*

Bústólpi ehf · Oddeyrartanga · 600 Akureyri · Sími 460 3350 · www.bustolpi.is



Í minningu Péturs Róberts Tryggvasonar

Það er erfiðara en orð fá lýst að setja þessi orð á blað. Mánudaginn 5. ágúst sl. barst mér sms sem svæðisstjórnarmanni á svæði 11 frá Neyðarlínunni um flugslys við Akureyri. Ég þurfti að lesa það tvisvar til að átta mig á því að þetta væri ekki æfing, en þarna hafði sjúkraflugvél frá Mýflugi brotlent á æfingarsvæði KKA, akstursíþróttafélags á Akureyri. Um borð voru tveir flugmenn og sjúkraflutningamaður frá Slökkviliði Akureyrar. Fljótlega var ljóst að annar flugmaðurinn og sjúkraflutningamaðurinn, Pétur Róbert Tryggvason, höfðu farist í slysinu.

Pétur Róbert kom inn í starf Hjálparseitarinnar Dalbjargar árið 2000. Mér varð strax ljóst að þarna var maður með mikinn áhuga og metnað, sérstaklega á öllu því sem viðkom þjálfunarmálum innan björgunargeirans, enda starfaði hann sem sjúkraflutningamaður á



Alltaf hress og kátur.

Akureyri. Óhætt er að segja að hann hafi hrundið af stað herferð í menntunarmálum okkar Dalbjargarfélaga, sama hvort það var skyndihjálp, rötun eða

eitthvað annað. Ófáar stundir fóru líka í að troða visku í okkur félagana sem erum í varaliði Slökkviliðsins í Eyjafjarðarsveit, um slöngusverleika og flutningsgetu á slöngum í sambandi við vatnsöflun í eldsvoðum og stóð hann fyrir æfingum með Slökkviliði Akureyrar og varaliði okkar.

Pétur var hafði mikla stjórnunarhæfileika, var skipulagður og hafði allan búnað og birgðir hjálparseitarinnar á hreinu. Við Dalbjargarfélagar grínuðum oft með það hvað hann væri „plöstunaráður“, en hann setti á blað allskyns gát- og minnislista og plastaði þá - svo þeir entust lengur. Alltaf stóð það samt upp úr hjá honum hve stutt var í brosið og bjartsýnina. Hann hafði sérstakt lag á að fá fólk til að vinna með sér, hvort heldur sem var í ferðum, námskeiðum eða vinnukvöldum og allir hjálpuðu til með glöðu geði.

Að lokum skulum við, félagar góðir, taka góðar minningar um góðan dreng og „plasta“ þær í hugum okkar og þakka fyrir samfylgdina og góðu stundirnar sem voru okkur mikils virði. Við Dalbjargarfélagar viljum votta börnum, systkinum og foreldrum Péturs okkar dýpstu samúð. Einnig viljum við votta fjölskyldu Páls Steindórssonar flugmanns innilega samúð okkar.

Bjartur var dagur en dimmdi svo fljótt og depurðin tekur öll völdin. Beittur var ljárin sem beit svona skjótt að dimma fer snemma á kvöldin.

Ingvar P. Ingólfsson



Kristján, Pétur, Sunna og Palli.



Pétur á fjallbjörgunarnámskeiði.



Palli og Pétur.



Jói og Pétur.



Pétur og Kristján.



Björgunarleikar 2011. Kristján, Halli, Pétur og Víðar.



Dalbjargarferð 2011. Pétur, Þorgils, Ingi, Arnar og Eiður.



Fjórir skrátnir að koma úr útkalli.



Landsæfing 2011. Gulla, Þorgils og Pétur.



Dalbjargarferð 2012. Pétur, Gulla, Ingi, Jói og Júlíus.



Bræður að vinna.



Guðjón og Pétur í Dalbjargarferð.



Halli og Pétur.



Dalbjörg 30 ára

Á þessu ári, nánar tiltekið þann 5. mars, voru liðin 30 ár frá því að Hjálpar-sveitin Dalbjörg var stofnuð.

Af því tilefni var haldinn þagnaður í Bangsabúð og sóttu margir góðir gestir okkur heim, bæði íbúar í sveitinni sem og félagar okkar úr öðrum björgunarsveitum. Félagar okkar úr Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri, færðu okkur glænýtt spækusett sem mun nýtast vel í nýju björgunarkerrunni okkar og kunnum við þeim kærar þakkir fyrir.

Veðrið lék við okkur þennan dag og veitingarnar voru ekki af verri endanum, en Kvenfélagið Hjálpin og Bakarið við Brúna sáu um þær. Dalbjargarfélagar voru mjög ánægðir með daginn og þakka þeim kærlega fyrir komuna, sem litu við hjá okkur.



Dalbjörg 30 ára.



Gestir.



Gestir.



Flott fjölskylda.



*Óskum viðskiptavinum okkar glæðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Jólakveðjur — Starfsfólk Bakarísins við Brúna*



Opið virka daga frá kl. 7–18
Um helgar kl. 7–16



Tóffarar frá Dalvík litu í heimsókn!



Víðir, Rósa og Ragnar.





Óli og Eydís.



Upprennandi hjálparveitarfólk!

*Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptinu
á ljómu ári.*



www.greifinn.is | Sími: 460 1600



Húsnæðismál Dalbjargar

Í nokkur ár hafa félagar Dalbjargar verið að gæla við að komast í stærra húsnæði og jafnframt nær kjarna sveitarfélagsins. Nú á haustdögum var ákveðið að gera alvöru úr málinu og athugað var með lóðir og gömul hús nálægt Hrafnagilshverfinu. Í fyrstu fannst ekkert sem hentaði eða hugnaðist okkur, en þá kom upp sú hugmynd, sem virtist svolítið galin í fyrstu, að skoða gamla Blómaskálann Vín, stórt húsnæði sem hafði ekki verið í notkun í nokkur ár. Eftir að málið hafði verið skoðað betur varð úr að stjórn Hjálparveitarinnar Dalbjargar skrifaði undir kaupsamning vegna hússins þann 4. október síðastliðinn.

Langþráður draumur um stærra og hentugra húsnæði var orðinn að veruleika, en mikil vinna er eftir í að standsetja húsið eins og við viljum hafa það. Til dæmis hefur verið sett innkeyrsluhurð, það þarf að hólfa af fundarsal, setja upp búnað-araðstöðu og fleira til að gera þetta að flottu björgunarsveitarhúsi. Í raun hentar húsnæðið okkur vel þegar upp er staðið og nú er nóg pláss fyrir mannskapinn okkar, tæki og búnað en skortur á plássi var vaxandi vandamál í gamla húsnæðinu.

Kaupin á nýja húsnæðinu eru stærsta fjárhagslega skuldbinding Hjálparveitarinnar Dalbjargar frá upphafi og nauðsynlegt var að standa vel að öllu í kringum málið. Gamla húsnæðið var selt til Dalanauts ehf., sveitunga okkar sem ætla að nýta það undir kjötvinnslu. Syðri hluti nýja húsnæðisins verður leigður til sveitarfélagsins Eyjafjarðarsveitar sem geymslupláss sem hefur lengi verið þörf á.

Hjálparveitin Dalbjörg flutti formlega úr gamla húsnæðinu, Bangsabúð við Steinhóla, þann 23. nóvember síðastliðinn. Bangsabúð hefur þjónað Dalbjargarfélögum síðustu 26 árin og það var því með nokkrum trega sem húsið var kvatt og búnaðurinn fluttur á nýjan stað.

Þegar þetta er skrifað eru rúmir tveir mánuðir síðan við keyptum nýja húsnæðið og allt er á fullu við að breyta og

bæta. Hingað til hefur gengið vel og ber að þakka okkar félögum sérstaklega fyrir dugnaðinn við flutninga og vinnu við húsnæðið, sem og öllum sem hafa hjálpað á einn eða annan hátt, hvort sem er í pappírsmálum, vinnu, útvega efni eða annað sem hefur fallið til.

Eiður Jónsson

Kristján Hermann Tryggvason



Blómaskálinn fyrir breytingu.



Hópmýnd fyrir utan Bangsabúð á flutningsdegnum.



Kristján yfirsmiður.



Fáninn tekinn niður í Bangsabúð.



Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt nýtt ár




HÚSASMÍDJAN

Lónsbakka · Sími 460 3500 · husa.is



Breytingar í gangi.



Sigmar að vinna.



Víðir raðar í hillur í nýju búnaðargeymslunni.



Fáninn auðvitað kominn upp á vegg.



Gledilega hátíð!

*Bestu óskir um
gledileg jól,
gott og orkuríkt
komandi ár*

 **RARIK**





Ingi á Cruiser.



Patrol í fullri vinnu.

Útköll og aðstoð

6. febrúar

Útkall barst vegna leitar að manni á Siglufirði. Fóru 9 félagar ásamt einum manni í svæðisstjórn að kvöldi 6. febrúar á báðum bílum sveitarinnar og var leitað um nóttina. Leitin bar ekki árangur.

9. mars

Beiðni um eftirgrennslan barst vegna þriggja sviffflugmanna sem höfðu farið í þyrllu upp á Kerlingu og svo upp á Krumma. Einn þeirra stökk og komst niður hjá bænum Vöglum í Eyjafjarðarsveit. Annar fauk niður en sá þriðji labbaði niður. Tveir félagar fóru á Dalbjörg 1 eftir

að sleðar frá Dalbjörg og Súlum voru kallaðir út. Dalbjörg 1 fann annan týnda manninn á gangi og fluttu hann til Akureyrar. Sleðamenn Dalbjargar fundu slóð eftir hinn til norðurs og hann fannst svo efst á Súlumýrum.

17. mars

Félagar Dalbjargar fóru í útkall eftir Tækjamótið í Hvanngili ásamt öðrum sveitum, s.s. Súlum, Strákum á Siglufirði og Björgunarsveitinni á Dalvík, vegna neyðarblyss sem talið var að hefði sést í Jökulheimum. Leituðu sveitirnar af sér allan grun á svæðinu en ekkert fannst.

15. júní

Níu manns fóru til leitar í Skagafirði þennan dag, að manni sem hafði fallið í Hjaltadalsá. Leitin bar ekki árangur.

28. júní

Dalbjörg 1 fór til aðstoðar jeppamanni, loft var sett í dekk og það tappað.

7. júlí

Beiðni barst um aðstoð vegna ferðamanna sem höfðu fest bílaleigubíl á leið frá Laugafelli til Akureyrar, niður Eyjafjarðardal. Sá vegur var lokaður en fólkið taldi sig ekki hafa séð merkingu. Þau



www.buvis.is
Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRÁUST OG GÆÐI
VELDU BÆÐI

Gæða áburður
á *góðu* verði

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | www.buvis.is



gengu 15 km. leið til byggða eftir að hafa hafst við í bílnum í tvo daga. Farið var á Dalbjörg 2 til að losa bílinn og vísa fólkinu til byggða, ásamt Flugbjörgunarsveitinni í Varmahlíð.

9. júlí

Tveir félagar fóru á Dalbjörg 1 suður fyrir Laugafell til að grindarsjóða Nissan bifreið.

11. ágúst

Farið var til aðstoðar á Dalbjörg 1 fram í botn Eyjafjarðardals þar sem Siglfirðinga vantaði felgubolta.

25. ágúst

Dalbjörg 1 fór til aðstoðar ferðamönnum á Eyjafjarðardal.

25. ágúst

Farið var á Dalbjörg 2 til aðstoðar gangna-
mönnum í Hólafjalli, sem höfðu fest jeppa þar og komust ekki til byggða án aðstoðar.

29. ágúst

Ingi fór á Dalbjörg 1 til aðstoðar gangna-
mönnum í Sölvadal, en þeir höfðu fest jeppa og náðu ekki að losa hann þrátt fyrir langt basl. Vel gekk að koma fólkinu til byggða.

7. september

Fimm manns fóru á Dalbjörg 2 í útkall vegna slasaðs manns í Svarfaðardal. Útkallið var afturkallað tveimur tímum síðar þar sem sjúklingur var kominn um borð í þyrlu Landhelgisgæslunnar.

7. september

Fimm félagar fóru á báðum bílum sveitarinnar til að aðstoða ferðalanga sem fest höfðu bíl sinn nálægt Laugafelli.

16. september

Félagar Dalbjargar fengu útkall rétt fyrir kl. 16 um leit að göngukonu á Súlum, en hún hafði villst af leið. Farið var til leitar og fannst konan undir kvöld, heil á húfi.

31. október

Fjórir félagar fóru á Dalbjörg 2 til aðstoðar við öikumann sem hafði lent utan vegar á bíl sínum við Sigtún í Eyjafjarðarsveit. Vel gekk að ná bílnum upp á veg og engan sakaði.

31. október


Óskað var eftir aðstoð við að ná hrossum inni á Eyjafjarðardal. Tveir félagar fóru á Dalbjörg 1 til aðstoðar. Einnig náðust tvær kindur í leiðangrinum og var öllum búfenaði komið til síns heima.

23. nóvember

Hjálparsvéitin Dalbjörg var kölluð út um kl. 15 þennan dag ásamt Súlum og Björgunarsveitinni Ægi vegna slasaðs vélsleðamanns í Bakkadal. Tveir félagar fóru í útkallið á Dalbjörg 1 með sleða sveitarinnar og tveir í svæðisstjórn. Maðurinn var fluttur með þyrlu LHG á Sjúkrahúsið á Akureyri.

23. nóvember

Tveir félagar Dalbjargar fóru á Dalbjörg 2 þennan dag til aðstoðar ferðalöngum sem höfðu fest bíl sinn í Vaðlaheiði. Vel gekk að losa bílinn og koma ferðalöngum til síns heima.



Nýja búnaðarherbergið okkar.



BYGGINGAVERKTAKI
SS BYGGIR



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Sérsmíðum eldhúsinnréttingar,
baðinnréttingar, fataskápa
og innihurðir.

Ókeypis ráðgjöf og
prívíddarteikningar fylgja
öllum tilboðum.

Nánari uppl. á
www.ssbyggir.is
og í síma 460-6100

TAK
INNRETTINGAR

Samæfing á svæði 11

Þann 16. nóvember var haldin samæfing björgunarsveita á svæði 11, en einnig komu félagar úr Björgunarsveitinni Garðari á Húsavík og tóku þátt. Æfingin var haldin um borð í varðskipinu Tý á Akureyri og hófst um klukkan 11. Súlur, björgunarsveitin á Akureyri, hafði veg og vanda af skipulagningu æfingarinnar.

Um hópslys var að ræða og reyndi því á marga þætti varðandi skipulag og kunnáttu félaga. Skipið hafði strandað og um 30 sjúklingar voru um borð með

margvíslega og misalvarlega áverka og erfitt var að flytja þá upp úr skipinu. Það voru 11 félagar frá Dalbjörg sem tóku þátt í æfingunni, þar af einn í svæðisstjórn. Farið var um borð í skipið með björgunarbátum og hafði verið sett upp vettvangsstjórn í skipinu sem stýrði leit og björgun sjúklinga. Við skiptum okkur í tvo hópa og vel gekk að stjórna hópunum og ná samvinnu í þeim verkum sem unnin voru. Einnig var vettvangsstjórnin mjög góð og hélt vel utan um þau svæði sem höfðu verið könnuð og

hvað átti eftir að fara yfir. Svo var auðvitað skemmtilegt fyrir okkur að koma um borð í varðskipið og kynnast því.

Æfingin stóð til kl. 15 og að henni lokinni var boðið upp á dýrindis kjötsúpu og brauð í húsnæði Súlna sem allir kunnu vel að meta.

Æfingin gekk vel að öllu leyti að mati Dalbjargarfélaga og voru allir ánægðir með daginn. Við þökkum kærlega fyrir góða æfingu.

Sunna Axelsdóttir.




Verið að gera allt klárt út í skip.



Ingi og Ragnar.



Óli, Sigmar, Jóhann, Elmar og Bjarney komin í bát.



Sunna að græja KED vestið fyrir sjúkling.

**Parketslípun
og lagning
Nýsmíði
og viðhald**


ÁK SMÍÐI
Sími 897 6036



Elmar og Eiður.



Sunna.



Sjúklingar á æfingunni.



Björgunarmenn að störfum.



Óskum öllum farsældar
á komandi ári.



FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



Afgreiðslutími:

28. desember kl. 13-22

29-30. desember kl. 10-22

31. desember kl. 9-16

6. janúar (þrettándinn) kl. 12-16

Flugeldasími: **867 8586**





Hjálparsveitin
DALBJÖRG

Björgunarleikar 2013

Björgunarleikar Slysavarnarfélagsins Landsbjargar voru haldnir þann 25. maí á Akureyri, samhliða Landsþingi og árs hátíð. Hjálparveitin Dalbjörg setti saman grjóthart keppnislið til að takast á við þrautir leikanna, en liðið „Made in sveitin“ skipuðu Sunna, Pétur, Kristján, Stefán, Halli og Palli og eins og sjá má af myndum var mikið lagt upp úr einkennisklæðnaði liðsins og lagði Bústólpi þar sitt af mörkum.

Félagar úr Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri, sáu um að skipuleggja Björgunarleikana og stóðu sig með mikilli þrýði. Keppt var í mjög fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum sem reyndu á úthald, kunnáttu og samvinnu liðsfélaga. Alls voru verkefni 11 sem liðin þurftu að leysa, s.s. skyndihjálp, rústabjörgun, björgunarsund, boðhlaup, bílpróf og margt fleira.

Það voru 24 lið skráð til leiks frá sveitum víðsvegar um landið og aldrei hafa jafn mörg og sterk lið tekið þátt. „Made in sveitin“ gerði sér lítið fyrir og náði 4. sætinu á eftir undanfarahópum Súlna, HSG og úrvali frá hjálparveitum í Reykjavík. Í einu verkefninu fengum við fullt hús stiga, en það var verkefni

í fyrstu hjálp sem er sá mála flokkur sem Dalbjörg hefur lagt hvað mesta áherslu á síðustu ár.

Þessi árangur er frábær og sýnir að við sveitalubbornir getum hiklaust borið okkur saman við stærstu sveitir landsins í björgunarmálum.

Guðjón Páll Sigurðarson
Sunna Axelsdóttir



Verkefni í fyrstu hjálp.



Pétur í sjóbjörgun.



Liðið að störfum.



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

SPORTVER



VÍS

VÍS óskar landsmönnum
gleðilegra jóla



Glæsilegt lið; Palli, Pétur, Halli, Kristján, Sunna og Stefán.



Dekkjaskipti, Kristján og Sunna.



Liðið á leið í fjallabjörgun.



Hópknús!



Pétur og Palli klárir í reykköfunarverkefni.

*Óskum viðskiptavininum okkar
farsæls komandi árs
með þakklæti fyrir það
sem er að líða*





Eyjafjardarsveit

Sölvadalur 29. júní 1995

Eins og oft áður, lesandi góður, ætla ég að rifja upp atburð sem átti sér stað fyrir nokkrum árum. Eins og einhverjir muna kannski var veturinn frá áramótunum 1994-1995 óhemju snjóþungur og erfiður. Segja má að hans verði minnst fyrir mikið fannfergi, óstillt veður og síðast en ekki síst fyrir mikla mannskaða.

Segja má að ósköpin þetta ár, 1995, hafi byrjað aðfaranótt 16. janúar þegar mikið snjóflóð féll á þorpið í Súðavík og fórust þar 14 manns. Hér í firðinum muna menn ekki annan eins veðurham og þá nótt, þegar 40-50 cm. af lausasnjó skóf undan ofsa suðvestan stormi alla nóttina og norðan snjócoma eða renningur nánast hvern dag í framhaldi af því fram um 20. apríl. Man ég að á þessum tíma átti ég Toyota Hilux á 36" dekkjum og held að ég hafi keyrt á annað þúsund km. á þessum tíma, en fór þó aldrei lengra en til Akureyrar.

Um haustið, nánar tiltekið 26. októ-



Tekið úr lofti daginn eftir að skriðan féll. Þormódsstaðir sjást til hægri á myndinni og eins og sjá má var skriðan gríðarstór.

Ljósmyndari: Björn Gíslason.

ber, kemur annað áfall á Vestfjörðum, en þá féll snjóflóð á þorpið á Flateyri og fórust þar 20 manns. Þann sama dag fentti líka fé á nokkrum bæjum hér í sveit og voru Dalbjargarmeðlimir önnum kafnir við að hjálpa bændum við að moka fé úr fönn. Ástæða þess að ég

rifja þetta upp með snjóinn og mannskaðana fyrir vestan er sú, að sennilega vita ekki margir að litlu mátti muna að sjö manns færust hér í sveit þann 29. júní þetta ár og vikur nú sögunni að því.

Eins og að framan er sagt var veturinn erfiður; á tveimur bæjum í Sölvadal



Unnið að því að opna lokuna á stíflunni, daginn örlagaríka þann 29. júní 1995.

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár

Daglegt brauð

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár



VÉLSMIDJAN ÁSVERK

Bestu óskir um *gleðileg jól* og farsælt nýtt ár

G. HJÁL MARSSON H F
AKUREYRI



Hér má sjá stífluna fyrir skriðuföllin.

woru í notkun heimarafstöðvar á þessum tíma og það var endalaust bras fyrir ábúendur að halda þeim gangandi fyrir frosti, snjó og krapa í ánum.

Eins og sagt er þá birtir öll el upp um síðir og vorið kom loksins með hlýindum og miklum leysingum og tilheyrandi vatnavöxtum; t.d. grófst frá brúnni yfir Glerárgötuna á Akureyri og ný brú yfir Fnjóská hvarf í flauminn. Ekki lét Núpá sitt eftir liggja í þessum leysingum og fyllti lónstæðið við virkjunina á Þormóðsstöðum í Sölvadal af möl og drullu. Egill bóndi gat ekkert annað gert en að bíða þess að sjatnaði í ánni til þess að hægt væri að opna loku í stífluvegnum og láta ána hreinsa úr lónstæðinu.

Seinni hluta júní voru vatnavextir að mestu búnir og ár orðnar nokkuð eðli- legar í rennsli. Nú fór Egill bóndi á Þormóðsstöðum að safna mannskap til að opna lokuna á stíflunni og fórum við nokkrir í það verk fimmtudaginn 29. júní. Sólskin var og sunnangola er við komum í Þormóðsstaði. Eftir stutt kaffi- stopp var haldið niður í gil að virkjuninni og hafist handa við að opna lokuna, en það var ekki fljótgert. Einn okkar þurfti að standa úti á stíflugarðinum með vatn tæplega í hné, með gríðarstöran og þungan lykil sem í var spotti í land. Hann setti lykilinn á sveran snitttein og þeir sem í landi voru toguðu í spottann og þá skrúfaðist u.þ.b. fjórðungur úr hring í hvert skipti. Þið getið ímyndað ykkur hvað það var seinlegt að opna loku sem var á annan meter á hæð með þessu móti. Annað var þó ekki í boði og svona gekk þetta allan daginn; við skipt- umst á um að standa úti á stíflunni með lykilinn, því alltaf þurfti að sullast í köldu árvatninu í hvert skipti sem hann var færður. Svo fór að við höfðum lokuna upp og smám saman byrjaði áin að hreinsa til. Við héldum þá upp úr gílinu og heim í Þormóðsstaði um kl. 16:30. Einhverjir fóru í kaffi, en ég dreif mig heim því ég var eitthvað tímabundinn.

Þegar klukkan var að ganga 18 þennan sama dag, eða innan við klukku- tíma eftir að við yfirgáfum stífluna, féll gríðarlega stór skriða úr fjallinu sunnan og ofan við Þormóðsstaði og bókstaf- lega fyllti árgilið þar sem við vorum við vinnu skömmu áður. Skriðan jafnaði stöðvarhús og stíflu við jörðu svo það sést nánast ekki að þarna hafi verið virkjun. Ekki hefði þurft að spyrja að leikslökum hefðum við enn verið ofan í



Hér má síðan sjá breytinguna, stíflan eftir skriðuföllin sumarið 1995.

gílinu þegar skriðan féll; við hefðum trúlega ekki heyrt í henni fyrir niðinum í ánni og heldur ekki haft tækifæri á að forða okkur sökum þess hvað gilið er djúpt. Þá hefði enginn okkar orðið til frásagnar af þessum atburði. Þarna er komin skýringin á því sem ég sagði í upphafi, um að litlu hefði munað um að mannskaði hefði orðið hér í sveit þetta ár, 1995.

Læt ég þessu lokið hér og óska les- endum árs og friðar.

Ingvar P. Ingólfsson.

ÞÚ VELUR FJÁRHÆÐINA

– ÞIGGJANDINN VELUR GJÖFINA

Finnur þú ekki réttu gjöfina? Gjafakort Arion banka er hægt að nota við kaup á vöru og þjónustu hvar sem er. Einfaldara getur það ekki verið.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum Arion banka



Molar úr starfinu

Viðburðir

Páskagangan var þann 29. mars og var genginn hinn venjulegi hringur í Saurbæjarhreppi.

Fjölskyldudagur Dalbjargar var haldinn þann 9. maí, sem var uppstigningardagur. Við fórum á Víkurskarð í snjó og ágætis veðri. Mikið var af tækjum og tólum á svæðinu og skemmtu ungir sem aldir sér mjög vel við sleðaferðir og pylsuát. Ferðir í gúmmibát um svæðið voru mjög vinsælar hjá yngri kynslóðinni.

Tækjamótið var haldið í Hvanggili að Fjallabaki þann 16. mars og var farið á báðum bílum sveitarinnar ásamt öðrum sveitum af svæðinu. Ýmislegt dreif á daga þeirra félaga sem í ferðina fóru og fóru þeir m.a. nýjar leiðir við að finna gististað á föstudagskvöldinu.

Sumarhátíð var haldin í Eyjafjarðarsveit á sumardagurinn fyrsta, 25. apríl. Nokkrir félagar fóru á Melgerðismela með búnaðinn okkar og sýndu hann gestum og gangandi.

Flugslysaæfing var haldin á Akureyrarflugvelli 4. maí og voru um sjö félagar sem tóku þátt frá okkur. Æfingin gekk vel á heildina lítið og var mjög lærdómsríkt að vinna með hinum ýmsu viðbragðsaðilum.

Mikið var um að vera helgina 24.-26. maí, en þá voru Landsþing, árshátíð og Björgunarleikar Slysavarnafélagsins Dalbjargar haldin á Akureyri og komu margir Dalbjargarfélagar að skipulagningu og þátttöku á þessum viðburðum. Ásamt því

að sækja Landsþingið sjálft vorum við með lið á Björgunarleikunum sem náði 4. sætinu í þeirri keppni, og um kvöldið mættu 14 manns á árshátíðina í Íþróttahöllinni. Á þinginu var úthlutað úr styrktarsjóði ISAVIA og fengum við styrk upp á 300.000 kr. til kaupa á sjúkrabúnaði í nýju björgunarkerruna okkar.

Litlu-jól Dalbjargar voru haldin í Funa-borg þann 29. nóvember. Skemmtinefndin stóð sig alveg hreint með þryði og allir voru ánægðir með kvöldið.

Æfingaferðir

Fjórir félagar Dalbjargar fóru í æfingaferð á nýju sleðunum þann 5. janúar ásamt fleirum. Keyrt var upp Súlumýrarnar, fram með Súlum að austan, upp Kvarnárdal, Röðul og upp á Kerlingu. Síðan var farið til baka, vestur yfir Lambárdal og ofan í Finnastaðadal. Þaðan fór hópurninn aftur upp á Kerlingu, renndu síðan til baka og tóku nestispásu í Lamba. Leiðin lá svo heim norður með Tröllunum og upp á Hlíðarfjall um Krossastaðagil. Frábær ferð þar sem eknir voru um 105 km.



Patrol á Flateyjardal.



Tveir góðir félagar.

Þann 30. mars var farin æfingaferð á Dalbjörg 1 og 2 á Flateyjardal þar sem ungir ökumenn fengu að spreyta sig og gekk það listavel í frábæru veðri.

Þann 1. apríl, annan í páskum, var farin æfingaferð með félögum Björgunarsveitarinnar á Dalvík inn á Skiðadal og dalina tvo inn af þeim. Sjö manns fóru á Cruiser og einum einkabíl frá okkur, ásamt fjórum félögum á tveimur jeppum Dalvíkinga. Veðrið lék við fólkið okkar og gaman var að kynnast nýjum slóðum.

Auk þessara ferða var farinn fjöldi smærri ferða.

Fjáraflanir

Flugeldasalan gekk sinn vanagang, hún fór fram í Hrafnagilsskóla eins og undanfarin ár og fengum við góðar viðtökur.

Undirbúningsvinna byrjaði snemma við Handverkið, en sjá þurfti um pantanir á birgðum og fleira. Fyrsta vinnutörnin var þann 19. júlí í teppalagningu á Íþróttahúsinu. Eftir það tóku við dagar í uppsetningu sýningarkerfis, sjúkragæsla á sýningunni sjálfri og svo frágangur eftir sýninguna. Fólkið okkar var mjög samhent

Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár



DALBJÖRG ÞAKKAR VEITTAN STUDNING



þrátt fyrir erfiða tíma og vinnan gekk mjög vel.

Farið var í hina árlegu girðingavinnu þann 20. júní og svo er dósasöfnunargámurinn okkar góði alltaf staðsettur við tjaldsvæðið við Hrafnagilsskóla. Hefðbundin gæsla var á tjaldsvæðinu við Hrafnagilsskóla á Bíladögum og á þorralótinu í Hrafnagilsskóla.

Unglingadeildin

Starfið hófst eftir áramót eins og undanfarin ár og voru um 13 krakkar sem tóku þátt. Ýmislegt var gert, s.s. haldið námskeið í fyrstu hjálp, fræðsla um jeppamennsku, farið í kassaklifur, kennsla á snjóflóðayla o.fl.

Fundir, ráðstefnur o.fl.

Aðalfundur Hjálparveitarinnar Dalbjargar 2013 var haldinn þann 18. apríl. Stjórnarmenn eftir fundinn voru eftirfarandi: Haraldur Þór Óskarsson, formaður,



Frá hálandisgæslu 2012.

Eiður Jónsson, varaformaður, Jóhannes Jakobsson, gjaldkeri, Kristján H. Tryggvason, meðstjórnandi og Stefán Magnús Jónsson, ritari. Ný húsnefnd var skipuð ásamt skemmtinefnd fyrir sumarið.

Almennir fundir voru 11 talsins og stjórnarfundir haldnir reglulega. Einnig voru haldnir smærri fundir og hópafundir. Fulltrúaráðsfundur var haldinn 23. nóvember og hann sóttu tveir stjórnarmenn. Landshlutfundur var haldinn á Akureyri þann 26. janúar og sóttu nokkrir félagar hann. Svæðisstjórn hélt sína fundi að venju, en tveir félagar Dalbjargar eru nú í svæðisstjórn á svæði 11.

Vinnukvöld hafa verið nokkuð mörg á árinu, aðallega í tengslum við afmælið okkar í Bangsabúð í mars og svo nýja húsnaðið nú í haust. Fyrsti vinnudagurinn í nýja húsinu var haldinn þann 26. október og svo fluttum við inn þann 23. nóvember. Enn eru mörg vinnukvöld eftir til þess að gera húsnaðið eins og við viljum hafa það.

Slysavarnir

Salan á Neyðarkallinum byrjaði þann 1. nóvember og var farið í reykskynjaryfirferð um sveitina samhliða sólunni, eins og venjulega. Allt gekk þetta eins og í sögu og þökkum við sveitungum fyrir góðar móttökur, eins og venjulega!



Pétur og Ketill

Nokkrir félagar fóru með endurskinsmerki frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg í leik- og grunnskóladeildir Hrafnagilsskóla nú í haust og vöktu mikla kátínu.

Námskeið

Verklegi hluti námskeiðsins „Fjarskipti 1“, var haldinn 18. febrúar og sóttu það 8-10 manns.

„Ferðamennska og rötun“ var haldið í Bangsabúð í apríl. Námskeiðið sóttu þeir frá Tý á Svalbarðsströnd og fimm frá Dalbjörg.

Námskeiðið „Hestar við leit og björgun“ var haldið dagana 17.-18. október og sóttu tveir félagar frá okkur það námskeið, en mikill áhugi er fyrir því að byggja upp kunnáttu í þessu fagi hjá Dalbjörg.

Auk þessara námskeiða nýttu Dalbjargarfélagarsérfrjárnámskeiðslysavarnafélagsins Landsbjargar.



Sendum Eyfirðingum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Starfsfólk Norðurorku

Es. farið varlega með flugelda og blys um áramótin



NORÐURORKA



Landsæfing Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Fimm meðlimir Dalbjargar lögðu leið sína í Borgarfjörðinn til þess að taka þátt í Landsæfingu S.L. sem haldin var þann 12. október, en ferðinni var heitið í sumarbústað við Svignaskarð. Fyrsta verkefnið á áfangastað var að fíra upp í grillinu og gæða sér á þeim veitingum sem hópinn hafði dreymt um alla ferðina suður. Eftir vandræði með gasleysi við grillið, enga sósu og erfiðleika við að ná umbúðunum utan af lærinu gat hópurinn loksins gætt sér á matnum sem bragðaðist nokkuð vel.



Frá landsæfingu 2011.

Laugardagurinn var tekinn snemma, við ókum áleiðis á Hvanneyri þar sem æfingastjórn var með sína aðstöðu og biðum eftir fyrsta verkefni dagsins. Það kom eftir um klukkutíma bið og vorum við send inn í Skorradal til að svipast eftir tveimur unglingspiltum sem ætluðu að tjalda fyrir ofan Skátaskálann en ekkert hafði heyrst frá. Hópur frá Kyndli í Mosfellsbæ tók þátt í leitinni með okkur, sem tók talsvert lengri tíma en við héldum í fyrstu. Eftir um eina og hálfu klukkustund sást til drengjanna uppi í fjallinu og skipti engum togum að Sigmar hljóp af stað í átt til þeirra. Það fór ekkert á milli mála að þarna var á ferðinni þaulvanur maður úr fjárleitum, þar sem hann kom að drengjunum á sama tíma og félagar hins hópsins sem voru í fjallinu.

Okkar næsta verkefni var að leita að manni sem hafði farið að leita fjár, sá var hjartasjúklingur. Við fengum með okkur björgunarsveitina Þorbjörn úr Grindavík og fannst maðurinn eftir stutta leit. Þar lá enginn annar en ná-

frændi Baldvins, hann Björn Elvar eða Bubbi 3 eins og hann er oft kallaður af félögum Dalbjargar. Þar lá hann skælbrosandi og sáttur við sitt eftir að hafa lagt á sig aðeins lengri leið vitandi hverjir væru á leiðinni á staðinn, til þess eins að við gætum borið hann aðeins lengri vegalengd til baka. Eina huggunin var að fólk í þeirri fjölskyldu er þekkt fyrir allt annað en að vera há- og þrekvaxið þannig að burðurinn reyndist ekki jafn erfiður og fyrst var reiknað með.

Í þriðja verkefninu vorum við send að vitja konu sem hafði farið á göngu upp Hafnarfjall ásamt dóttur sinni sem hringdi í Neyðarlínu og sagði að mamma sín lægi hreyfingarlaus og svaraði engu. Á leiðinni upp grýttan veg sáum við að það stökk smá bros á lnga að komast loksins út fyrir malbikið. Við komum að konunni og fengum topp einkunn frá umsjónarmanni fyrir skjóta skjúkdómsgreiningu og góð vinnubrögð, en konan var með sykursýki og meðlimir sveitarinnar þekkja vel af æfingum hvernig skal bregðast við slíku.

Næst vorum við send inn í dal sem kallast Grafardalur. Við komum að manni sem lent hafði í fjórhjólslasi, spelkuðum það sem spelka þurfti og gengum frá honum inn í bíl. Honum var orðið heldur kalt, enda búin að vera þarna síðan um morguninn og klukkan var nú vel gengin í fimm. Hann var því feginn að fréttu það að við værum seinasti hópurinn.

Þegar við komum til baka á Hvanneyri beið okkar þar matur fyrir hópinn og ekki af verri endanum, þar var tekið vel til matar síns enda menn og kona orðin svöng eftir langan og erfiðan dag. Það var ljúft andrúmsloftið í bústaðnum um kvöldið og það var frábært að enda þennan dag í pottinum við bústaðinn í blankalogni og undir stjörnuþjórtum himni. Þessi reynsla mun nýtast öllum þeim sem fóru með vel, ásamt því að þetta er að sjálfsgöðu frábær skemmtun og forréttindi að fá að taka þátt í æfingu sem þessari.

Baldvin Sigurðsson.



*Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt nýtt ár!*



*Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt nýtt ár*



Silva hráfæði ehf
Syðra Laugalandi efra
Eyjafjarðarsveit

MOTUL

Búðin Akureyri



Dalbjörg notar Motul gæðaoliur á sín tæki sem standast álagið.

MOTUL

GARMIN®

Umboðsaðili á norðurlandi

**Arctic Cat tæki
fyrir vandláta**



Tækjamót



Hópur á leið á Tækjamót.



Blíðskaparveður.



Tæki á Tækjamóti.



Palli, Ólína og Eydís.



*Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt nýtt ár*



STRAUMRÁS hf.

Hálendisvaktin

Dagana 7.-14. júlí stóðum við þrír meðlimir, Haraldur, Hreiðar og Baldvín úr Hjálparsvéitinni Dalbjörg vaktina á Hálendisvakt S.L. og vorum við á Sprengisandi. Tveir félaganna höfðu ekki verið í gæslu á Sprengisandi áður og var þetta því upplagt tækifæri á því að kynna okkar heimasvæði betur.

Margt gekk á þessa viku er við vorum þarna á svæðinu, en margir ferðamenn virtust ekki gera sér grein fyrir að margar leiðir á svæðinu voru enn lokaðar sökum snjóá og sandbleytu og við veittum allnokkrum ferðamönnum sem fest höfðu bíla sína aðstoð á slíkum leiðum. Einnig leiðbeindum við fjölmörg-



Mörg verkin sem vinna þarf á hálendisvaktinni 2012.



Hálendisgæsla 2012. Eiður og Viðar við störf.

um ferðamönnum um rétt leiðarval, þverun straumvatna og margt fleira og þegar tækifæri gafst skoðuðum við áhuga-verða staði á svæðinu.

Hálendisvakt björgunarsveitanna er mjög skemmtilegt og krefjandi verkefni sem gefur björgunarsveitarmönnum gott tækifæri á að afla sér meiri landþekkingar. Einnig er þetta góð reynsla fyrir félagana að taka þátt í verkefninu, en vandamálín sem geta komið upp eru margbreytileg: Allt frá því að plástra sár, tappa dekk, leita að fólki og upp í alvarleg slys. Við erum því allir reynslunni ríkari eftir þessa viku á fjöllum.

*Haraldur Þór Óskarsson
Hreiðar Fannar Viðisson*

Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



Óskum starfsmönnum okkar og viðskiptavinum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Allar vörur til ræstinga, áhöld, hreinsiefni, pappír og plast



Frotagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892-5232 / 865-8114 /
865-2425 (vakt sími allan sólarhringinn)
email thrif@thrif.is / www.thrif.is



Björgunarsveitin Týr, Svalbarðseyri



Porgils og Stomur, Alli og Ellý.

Á árinu var margt brallað og hér verður farið yfir það helsta sem á daga okkar hefur drifið.

Farið var í eftirminnilega ferð á Tækjamót Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Töluvert pláss var í bílnum og var fyllt upp í það með félögum úr Dalbjörg. Keyrt var suður á land, eða að Fjallabaki. Lagt var af stað á fimmtudagkvöldi og gist í Laugafelli. Föstudagurinn allur var svo notaður til að keyra frá Laugafelli í skálann sem við áttum að gista í. Á laugardeginum var svo keyrt um svæðið í dúndurfæri. Á laugardagskvöldinu kom útkall við Jökulheima, en einhver taldi sig hafa séð neyðarblys. Við fórum ásamt fleiri sveitum og könnuðum svæðið, en ekkert fannst.

Í sumar kom útkall um leit að konu í Ísafjarðardjúpi. Frá okkar sveit fóru tveir félagar með einn leitarhund ásamt tveimur félögum úr Skagfirðingasveit og voru



Hálendisgæsla 2013.

þeir einnig með hund. Eftir fimm tíma leit fann þyrila Landhelgisgæslunar konuna heila á húfi. Einnig fóru menn og hundur í leit á Siglufirði og í byrjun september barst útkall um leit að konu á Súlumýrum. Veður var vont á svæðinu, en konan fannst heil á húfi. Nokkrar minni aðstoðarbeiðnir um að aðstoða vegna ökutækja í Víkurskarði bárust okkur einnig.

Á þessu starfsári byrjaði þriðji félagi sveitarinnar þjálfun á leitarhundi. Þeirri þjálfun miðar vel áfram og ef allt gengur samkvæmt áætlun, þá verður hann kominn á útkallsskrá í lok ársins 2014. Æfingar ársins fyrir hundateymi voru stífar og margar og teymi frá okkur fóru á snjóflóðaúttekt á Siglufirði og víðavangsuúttektir í Bláfjöllum, Neskaupstað og á Sauðárkróki. Til viðbótar við þetta voru haldnar

margar styttri æfingar í lok vinnudags eða um helgar. Það er mikill tími og peningar sem fara í það að þjálf leitarhund, en þegar hundur verður gjaldgengur á útkallsskrá þá skilar hann því margfalt til baka, því hundur er gríðarlega gott verkfæri við leit á fólki. Eftir allar æfingar og úttektir ársins þá erum við með tvö hundateymi á útkallsskrá og bæði eru þau með próf í snjóflóðaleit.

Víkuna fyrir verslunarmannahelgi fóru þrjú félagar upp í Öskju og voru þar í viku í hálendisgæslu. Starfsstöð okkar var í Dreka og vorum við þar í skála sem við vorum með útaf fyrir okkur. Það var mjög rólegt hjá okkur og greinlegt er að forvarnastarf er að skila miklum árangri.

Helstu verkefni voru að aðstoða ferðalanga sem höfðu fest bíla sína, eða fengið vatn inn á bílana í ám og aðstoða og leiðbeina vegfarendum. Við reyndum samt að hafa nóg fyrir stafni, meðal annars gengum við upp á Herðubreið sem var virkilega krefjandi ganga en vel þess virði. Að sjálfsgöðu var gengið upp að Öskjuvatni og vegir allt í kringum Dreka keyrðir þannig við lærdum mikið á svæðið allt í kring. Það fór ekki framhjá okkur að það var hásumar, því hitinn fór aldrei undir 25 gráður á daginn. Við komum þess vegna rauðir og skrælnaðir til baka úr þessari vel heppnuðu ferð.



Aðalsteinn og Ellý að fara af stað í leitaræfingu á Norðfirði.

Flugeldasalan

verður í Valsárskóla

28.-30. desember kl. 15-22
og 31. desember kl. 11-16.

Áramótabrenna og flugeldasýning

verður á gamlárskvöld kl. 20 við Vitann.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár



SÍMAR: 848-9114 & 862-8833 | MALBIKUN@SIMNET.IS | WWW.MALBIKUN.IS

Björgunarhestar Íslands

Nú á haustdögum fóru tveir meðlimir Dalbjargar á námskeiðið „Hestar við leit og björgun“ á Hæl í Flókadal í Borgarfirði og var það félagið Björgunarhestar Íslands (BHÍ) sem stóð fyrir námskeiðinu, en það er nú aðildarfélag Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Skemmt er frá því að segja að Bjarney Guðbjörnsdóttir, félagi í Hjálparseitinu Dalbjörg, er nú orðin stjórnarmaður í BHÍ.

Forsagan að stofnun BHÍ er sú að árið 2007 fór áhugahópur fólks um notkun hesta við leit og björgun í ferð til Virginíu og Marylandfylkja í Bandaríkjunum til að kynna sér aðferðir TrotSAR Björgunarhestahóps þar á svæðinu. Sannað þykir að hestar gætu komið sér vel við leit og björgun á Íslandi því á mörgum stöðum er illfært eða óleyfilegt að fara um á ökutækjum og þótti því tilefni til að kanna þetta frekar.

Björgunarmaður þarf að standast ákveðið HRE- (Horse and riding evaluation) mat til að vera virkur í útköll. HRE matið er byggt upp á bandarískum staðli en BHÍ hefur aðlagð matið að íslenskum aðstæðum fyrir íslenska björgunarknana.

Meðal þeirra æfinga sem hestur og knapi þurfa að standast til að ná matinu er t.d. vísbendingaleit og flutningur sjúklings á hesti.

Mikill áhugi er hjá félögum Dalbjargar að vera með góða, virka og sterka hesta-sveit sem er tilbúin í útköll á nálægum svæðum. Hestar geta komið sér vel við leit, þar sem maður á hesti situr hærra og

hefur víðara sjónsvið heldur en sá sem er gangandi. Einnig getur knapi einbeitt sér betur að leitinni, því hann hefur hestinn til að finna leið um svæðið fyrir sig og þarf því ekki sjálfur að horfa fram fyrir tærnar á sér.

Bjarney Guðbjörnsdóttir
Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir



Námskeið sl. haust.

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár

STEYPUSÖGUN NORDURLANDS

Sími 864 2530

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár



SAMHERJI

FROST

Kælismiðjan Frost ehf.

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölnisgötu 4b
603 Akureyri
Sími 464 9400
Fax 464 9401
frost@frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.
Lyngás 20
210 Garðabæ
Sími 464 9400
Fax 464 9402
www.frost.is

Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kæliiðnaði:

Frysti og kæligeymslur
Stálgrindarhús
Veggeiningar
Hurðir
Frysti og kælikerfi

Minni frysti og kæliklefar
Staðlaðir klefar frá 0,8 m2
eða eftir máli.
Sambyggð eða sjálfstæð frystikerfi

Verslanir
Kæli og frystimublur
Viðhalds og rekstrarþjónusta
Vaktþjónusta 24/7

Heilfrysting
Uppsávar- eða bolfiskur
Sjálfvirkir plötufrystar, lóðréttir og láréttir
Frystikerfi

Einangrun
Lagna, kúta
Lesta og annarra rýma í skipum

Ráðgjöf og þjónusta
Hönnun
Bilanagreining og rekstrarráðgjöf
Kælimiðlar





*Gledileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA